

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framtíð Heiðmerkur

Borgarstjórn samþykkir að við mótun nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk verði lögð rík áhersla á öruggt og greiðfært aðgengi almennings að þessu mikilvæga og rótgróna útivistarsvæði.

Borgarstjórn telur hugmyndir Veitna um umfangsmiklar takmarkanir á umferð um Heiðmerkursvæðið vera of íþyngjandi, þær séu líklegar til að skerða verulega aðgengi almennings og draga úr möguleikum íbúa til útivistar og afnota af svæðinu.

Ekki liggja fyrir gögn sem sýna fram á að mengunarhætta á vatnsverndarsvæðinu hafi aukist á undanförnum árum. Þvert á móti bendir margoð til þess að sú hætta sé fremur á undanhaldi, meðal annars vegna aukinnar notkunar rafknúinna farartækja og vinnuvéla. Þá hafa engin atvik orðið á undanförnum árum sem truflað hafa vatnsvinnslu eða haft neikvæð áhrif á vatnsgæði á svæðinu.

Borgarstjórn telur Veitur ekki hafa gætt meðalhófs í fyrirliggjandi tillögum um íþyngjandi aðgangstakmarkanir að Heiðmörk. Borgarstjórn beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að kanna mildari og markvissari leiðir við yfirstandandi deiliskipulagsvinnu, sem tryggja bæði vatnsvernd og áframhaldandi aðgengi íbúa höfuðborgarsvæðisins að Heiðmörk.